

Vettvangsheimsókn í vinnustofur ÖBÍ Hátúni 10.

<http://www.obi.is/>

Mætt voru auk undirritaðrar: Sigurbjörg/Hraunbæ,
Óttar/Bergþórugata, Eypór/Starengi, Birna og Berglind/Gunnarsbraut.

Við fengum góðar móttökur og kynningu á starfseminni hjá Hartmann sem er forstöðumaður Örtækni.

Í Örtækni starfa um 25 starfsmenn í 18 stöðugildum, (hlutastöður) og þar af eru þrír ófatlaðir starfsmenn. Gerðar eru kröfur um afköst og góð samskipti líkt og á öðrum vinnustöðum. Margir starfsmannanna höfðu fengið starfsþjálfun á Múlalundi áður og höfðu starfað lengi hjá Örtækni. Aðallega er um sérhæfingu og framleiðslu á köplum að ræða auk tölvuviðgerða. Við komumst að því að það er ódýrt að fara með tölvuna sína í viðgerð þangað og ætti að reyna það áður en tölvan er afskrifuð því þeir eru mjög flinkir sérfræðingarnir þar að gera við og finna lausnir! Markmiðið er að skapa orðstýr á eigin verðleikum og halda uppi góðri þjónustu við viðskiptavini.

Í Saumastofu ÖBÍ eru laus störf. Þar eru nú 4 konur sem vinna fyrir hádegi. Og 3 konur sem vinna eftir hádegi. Um er að ræða einfaldan saumaskap en gerðar eru kröfur um vandvirkni.

Ræstingadeild ÖBÍ hefur aðstöðu í kjallara og sinnir þrifum á sameign blokka ÖBÍ.

Vinnustofurnar flytja á næstunni yfir í húsnæði Múlalundar sem staðsett er á sömu lóð og er um mun stærra og bjartara rými að ræða.